

HAMARINN HVERFUR

Hamarinn var horfinn.

Þór hentist upp í Valhöll og sagði tíðindin. Óðinn brá við og kallaði alla íbúa Ásgarðs saman út á Iðavöll. Þetta var skelfilegt. Hamarinn, beittasta vopn goðanna gegn jötnum, var nú trúlega kominn í hendur óvinanna.

– Hefur einhver hér orðið var við ferðir ókunnugra manna síðustu daga? spurði hann.

Allir hristu höfuð.

– Best gæti ég trúað að sá sem rændi hamrinum hafi verið í líki dýrs, sennilega fugls, sagði Freyja.

– Heimdallur átti náttúrulega að gæta þess að enginn ókunnugur gengi hér um garða, hvorki menn eða skepnur, sagði Loki.

– Hamarinn verður að finnast! öskraði Þór. Hann sneri sér að Loka.

– Þú ert vel kunnugur í Jötunheimum. Ef einhver getur komist að því hvar hamarinn er niður kominn þá ert það þú.

– Ég skal fara ef Freyja lánar mér fjaðrahaminn sinn, sagði Loki.

– Þó að hann væri úr skíra gulli eða silfri skyldi ég láta þig fá hann, því að nú er mikið í húfi fyrir okkur íbúa Ásgarðs, svaraði Freyja.

Loki brá yfir sig hamnum og hóf sig léttilega á loft í fákalíki.

Loki ákvað að fljúga fyrst til Þrymheims og tala við Þrym, konung þursanna sem þar bjuggu.

Þrymur sat úti á hólum og var að dunda við að festa ólar úr gulli á hundana sína. Hann leit upp þegar Loki lenti, glotti og spurði:

– Er ekki allt gott að fréttu af ásum og álfum?

– Nei, þaðan er allt illt að fréttu og mig grunar að þú eigir þinn þátt í því, svaraði Loki.

Þrymur var búinn að festa ól á síðasta hundinn og tók nú

til við að kemma fangið á hestunum sínum.

– Nú, hvað er að? spurði hann.

– Hamar Þórs er horfinn og best gæti ég trúað að þú hefðir stolið honum.

– Auðvitað stal ég honum. Ég flaug inn í Ásgarð og enginn tók eftir mér. Það var ekki nokkur vandi að finna hamarinn. Ég skil nú ekkert í Þór að passa hann ekki betur.

Loki laumaðist nær Þrymi. Ef hann væri með hamarinn í vasanum væri kannski mögulegt að ná honum.

En Þrymur glotti bara enn breiðar og sagði:

– Þú finnur hann ekki hér. Ég faldi hann niðri í jörðinni.

– Í jörðinni?

– Já, hann er á svona um það bil hundrað kílómetra dýpi. Það er ekki mögulegt að nokkur maður nái honum þar þó að ég geti nálgast hann með mínum alkunnu töfrabrogðum

– Hvers vegna ertu að þessu? Ekki hefurðu neitt gagn af hamrinum þarna niðri.

– Ég hef svo sem engan áhuga á þessum hamri. Ég vil fá Freyju fyrir konu.

– Freyju?

– Já, ef þú færir mér hana skaltu fá hamarinn aftur.

Hvert kallaði Óðinn íbúana til að ræða málin? _____

Hver átti að gæta þess að enginn ókunnugur kæmi í Ásgarð?

Hvað lánaði Freyja Loka til ferðarinnar? _____

Hvað var Þrymur að gera þegar Óðinn kom til hans? _____

Hvar faldi Þrymur hamrinn? _____

Hvað vildi hann fá fyrir að skila hamrinum? _____
